

Nefndasvið skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík.

Reykjavík 21. nóvember 2012

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs (hlutverk Reykjavíkurflugvallar, heildarlög), 120 mál. Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012 – 2013, þskj. 120 – 120 mál).**

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs (hlutverk Reykjavíkurflugvallar, heildarlög). Frumvarpið var sent Isavia til umsagnar. Félagið þakkar fyrir að fá tækifæri til að senda inn athugasemdir sínar við frumvarpið.

Isavia gerir ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins enda er frumvarpið stutt og efnislítið og ljóst að móta þarf frekari reglur því til fyllingar. Isavia fagnar því að málefni Reykjavíkurflugvallar skuli vera tekin til skoðunar á Alþingi. Í frumvarpinu er ekki tekin afstaða til staðsetningar Reykjavíkurflugvallar, hvorki hvort hann verði áfram í Vatnsmýrinni eða færður eitthvað annað. Isavia vill þó vekja athygli á að alveg óháð því hvar staðsetning Reykjavíkurflugvallar verður í framtíðinni, verður að tryggja samhug, samvinnu og aðkomu allra aðila sem koma að svona verkefni sem rekstur stærsta innanlandsflugvallarins landsins er. Eins og staðan er í dag, virðist vera sem svigrúm til framþróunar og uppbyggingar flugvallarins sé lítið sem ekkert og nánast ómögulegt virðist vera að fá heimild skipulagsyfirvalda til nauðsynlegra breytinga og þróunar flugvallarins. Þannig hefur ekki fengist samþykki skipulagsyfirvalda Reykjavíkurborgar til að lækka hæstu tré í Öskjuhlíð sem eru í aðflugsstefnu að flugvellinum og gætu farið að valda truflun á flugumferð um flugvöllinn, né heldur hefur fengist heimild til að setja upp aðflugsljós vestan flugbrautar við Suðurgötu, sunnan við Starhaga sem Flugmálastjórn Íslands hefur þó gert kröfu um að sett verði upp að öryggisástæðum. Isavia bendir á að til lengri tíma lítið er nær ógjörningur er að reka flugvöll við slíkar aðstæður. Lágmark er að unnt sé að sinna viðhaldi á þeim áhöldum, tækjum, og aðstöðu sem eru á flugvellinum, sem og að fylgja þróun og nýjum kröfum svo flugvöllurinn uppfylli allar öryggiskröfur sem gerðar eru á hverjum tíma.

Virðingarfyllst,  
F.h. Isavia ohf.



Björn Óli Hauksson  
forstjóri